

Eigum við annarra kosta vól?

„Við höfum áhyggjur af framtíð barnsins en gleymum að leggja rækt við það í dag.“
Stacia Tauscher

MÁLEFNI



FRÍÐUR OG OFBELDI



BÖRN



MISMUNUN

PYNGDARSTIG



STIG 3

HÓPSTÆRÐ



9-24

TÍMI



90 MÍNÚTUR

Málefni	Friður og ofbeldi, börn, mismunun og útlendingahatur
Þyngdarstig	Stig 3
Hópstærð	9–24
Tími	90 mínútur
Yfirlit	Verkefnið er hlutverkaleikur þar sem tekið er á: <ul style="list-style-type: none"> • Persónulegu ofbeldi. • Einelti.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til að búa við frelsi og öryggi. • Rétturinn til virðingar og til þess að vera ekki mismunað. • Börn eiga rétt á vernd gegn illum verkum og meðferð, svo sem líkamlegu og andlegu ofbeldi.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að byggja upp þekkingu og skilning á orsökum og afleiðingum eineltis. • Að finna leiðir til að ráðast á vandann. • Að skapa samkennd með fórnarlömbum eineltis.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Eintök af atriðunum sem á að leika (eitt atriði á hvern hóp). • Eitt eintak af blaðinu með „sönnum sögum“.
Undirbúningur	• Undirbúðu stofuna þannig að þátttakendur hafi nægilegt rými fyrir leikatriði sín.

Leiðbeiningar

1. Kynntu verkefnið fyrir þátttakendum. Útskýrðu fyrir þeim að þeir eigi að vinna í litlum hópum og gera stutt leikatriði um einelti.
2. Gakktu úr skugga um það, með snöggu hugflæði ef með þarf, að allir viti hvað einelti er og að það geti átt sér stað í öllum grunn- og framhaldsskólum, í félögum og á vinnustöðum.
3. Skiptu þátttakendum í þrjá hópa og láttu hvern hóp hafa eitt atriði. Gefðu þeim 15 mínútur til að æfa og undirbúa hlutverkaleiki sína.
4. Þegar hóparnir eru tilbúnir skaltu biðja þá, hvern á fætur öðrum, að sýna atriði sín.
5. Bíddu með allar athugasemdir þangað til allir hóparnir hafa sýnt atriði sín. Kallaðu þá alla þátttakendur saman til umræðna.

Lykildagsetning

4. júní

Alþjóðadagur barna er orðið hafa fórnarlömb árása

Samantekt og mat

Fyrst ætti að fara yfir leikatriðin.

- Upp úr hverju unnu hóparnir atriði sín? Var það upp úr sögum eða kvikmyndum um einelti eða voru atriðin byggð á eigin reynslu?
- Voru atriðin raunsæisleg?
- Hvað af því sem persónur sögðu í 1. atriði var uppbyggilegt og jákvætt og hvað var neikvætt?
- Hversu auðvelt var það í 2. atriði að tala hreint út við eineltissegginn? Hvaða aðferð virtist helst hafa jákvæð áhrif og hvaða aðferð hafði neikvæð áhrif?
- Hversu auðvelt var það í 3. atriði að tala hreint út við fórnarlamb eineltis? Hver var besta leiðin til að finna lausn sem fórnarlambið gæti sætt sig við?

Láttu nú þrjá þátttakendur lesa upp „sönnu sögunar“ þrjár. Kalla ætti eftir athugasemdum við sögunar og halda svo áfram umræðum um einelti og hvernig hægt sé að taka á því.

- Hvernig haldið þið að það sé að verða fyrir einelti?
- Á sá sem verður fyrir eineltinu sök á því?
- Eru eineltisseggir að reyna að sanna eitthvað með því að koma illa fram við annað fólk?
- Er einelti mynd ofbeldis?
- Snýst einelti um vald?
- Er einelti óhjákvæmilegt?
- Ef þið eruð vinir einhvers sem er lagður í einelti, ættuð þið þá að láta skólastjórnendur vita, jafnvel þótt vinurinn hafi trúað ykkur fyrir vandamáli sínu?
- Hverjir eru algengustu fordómarnir gagnvart fólki sem er lagt í einelti?
- Hverjir eiga að ráðast gegn eineltisvandamálum?

Ábendingar til leiðbeinanda

Einelti getur verið beint eða óbeint. Beint einelti er hegðun eins og það að uppnefna einhvern, stríða honum, ýta eða hrinda til og frá, slá hann eða ráðast á hann, taka töskuna hans eða aðrar eigur og henda burt, neyða einhvern til að láta af hendi peninga eða aðrar eigur og ráðast á hann eða ógna honum vegna trúar hans, litarháttar, fötlunar eða ávana. Óbeint einelti er hegðun af því tagi að bera út orðróm í þeim tilgangi að fórnarlambið einangrist félagslega. Yfirleitt er einn eða fleiri upphafsmaður að slíkri hegðun og hún beinist að einu eða fleiri fórnarlömbum. Hvort heldur sem eineltið er beint eða óbeint er aðallega um að ræða líkamlega eða sálræna kúgun sem beitt er kerfisbundið, það lengi að áreitni og misþyrmingar verði að víthring.

Ef þú starfar í hjálparhópi eða í félagi, framhaldsskóla eða á vinnustað má hugsanlega laga leikatriðin sérstaklega að þeim aðstæðum. Vera þarf vakandi fyrir unga fólkinu í hópnum og persónulegri reynslu sem það kann að hafa af einelti. Setja verður hópana saman og útdeila leikatriðunum samkvæmt því.

Tillögur um framhald

Kanna mætti hvort í nágrenninu er einhver starfsemi þar sem jafningjakennarar (ungir sjálfboðaliðar) eru þjálfaðir í að jafna ágreining. Fá mætti fyrirlesara til að koma og tala við hópinn og íhuga mætti þann möguleika að koma á jafningjafræðslu í skólanum eða félaginu.

Hugsanlega vill hópurinn leggja drög að reglum til að fyrirbyggja einelti í skólanum eða

Hugmyndir um aðgerðir

Finna mætti hóp eða samtök í landinu sem vinna að eineltismálum, og bjóða þeim aðstoð hópsins.

Ef hópurinn er sérlega frjór mætti stinga upp á að hann gerði leikþátt úr leikatriðum sínum og flytti þau síðan fyrir aðra.

Þátttakendur gætu líka boðað til málfundar í skólum sínum eða félagsmiðstöðvum þar sem fjallað væri um einelti.

Þeir gætu líka fengið vini sína til liðs við sig til að stofna hóp til hjálpar ungu fólki sem verður fyrir einelti.

félaginu. Aðferðin sem er lýst í verkefninu „Viðbrögð gegn kynþáttafordómum“, á bls. 248, um það hvernig reglur gegn kynþáttafordómum eru byggðar upp, hentar einnig vel við að smíða reglur gegn einelti.

Ef hópurinn hefur gaman af hlutverkaleik og vildi kynna sér málamiðlun nánar er bent á verkefnið „Spilaðu með!“ á bls. 222.

EFNI TIL DREIFINGAR

Söguvið og aðstæður hlutverkaleikjanna

1. atriði

Nemandi snýr sér til skólastjórnenda og reynir að segja þeim að einn af bekkjarfélögum hans sé lagður í einelti. Aðstoðarskólastjórinn er ráðríkur og íhaldssamur. Honum/henni finnst góðir siðir vera á undanhaldi og hefur yfirleitt lítið álit á unga fólkinu nú til dags. Bekkjarkennarinn vill ekki axla ábyrgð á ástandinu. Aðrir kennarar gera of lítið úr vandanum og átta sig ekki á því sem raunverulega felst í hegðun gerandans. Fulltrúi félagsþjónustunnar sýnir skilning en hefur svo mikið að gera að hann getur ekki gert neitt í málinu núna.

2. atriði

Hópur nemenda reynir að tala við vin sinn sem leggur annan yngri nemanda í einelti.

3. atriði

Nokkrir nemendur eru komnir saman og ræða um vin sinn sem er lagður í einelti af hópi eldri nemenda. Þeir vilja gjarnan hjálpa vini sínum og reyna að finna allar mögulegar lausnir til þess.

Sannar sögur um

1. saga

„Ég er 12 ára og mér líður hræðilega í skólanum því að engum líkar vel við mig. Það er hópur af krökkum sem uppnefnir mig alltaf þegar þau geta. Þau segja að ég sé ljót og feit og pabbi og mamma hljóti að skammast sín fyrir mig. Besta vinkona mín hætti að tala við mig og nú er hún meira að segja farin að vera með nokkrum krökkum í hópnum. Ég hata hana. Ég er svo einmana og ég er hrædd um að það sem þau segja um pabba og mömmu sé satt.“

Rósa

2. saga

„Ég byrjaði í nýjum framhaldsskóla á þessu ári og strax fyrsta daginn fannst mér sumar stelpurnar horfa einkennilega á mig. Svo áttaði ég mig á því að þær voru afbrýðisamar af því að flestir strákar voru strax svo vinalegir við mig. Nú vil ég skipta um skóla því að ég er farin að fá skilaboð með hótunum. Ég fæ líka ruddalegar símhringingar. Þær hafa meira að segja stolið bókunum mínum nokkrum sinnum. Í síðustu viku fór ég á klósettið og þrjár stelpur eltu mig inn. Þær öskruðu á mig, ógnuðu mér með hnífi og sögðu mér að ég ætti að fara í einhvern annan skóla og kölluðu mig mellu. Ég þoli þetta ekki lengur. Ég er hrædd og reið. Ég reyndi að tala við skólastjórann en hún virtist ekki trúá mér. Ég veit ekki hvað ég á að gera.“

Elísabet

3. saga

„Besti vinur minn sagði mér að aðrir nemendur væru að stríða honum í skólanum. Ég vildi hjálpa honum og fór þess vegna og talaði við þá en þá fóru þeir að leggja mig í einelti líka. Nú erum við báðir lagðir í einelti. Þeir gera grín að okkur, hrekkja okkur ógeðslega og hafa hótad að berja okkur sundur og saman. Við höfum báðir ákveðið að þegja um þetta því að við erum hræddir um að þetta versni ef við segjum einhverjum frá því.“

Andri